

Eignarhaldsfélagið Bolar ehf. – Ársuppgjör 2007

Hagnaður að upphæð kr. 64,3 milljónir krónur varð af rekstri Eignarhaldsfélagsins Bolar ehf. á árinu 2007 samanborið við 44,0 milljón króna tap árið áður.

Endurskoðað uppgjör samstæðu Eignarhaldsfélagsins Bolar ehf. fyrir árið 2007 var samþykkt á stjórnarfundum félagsins 28. mars 2008.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður úr samstæðureikningi Eignarhaldsfélagsins Bolar ehf.

Upphæðir í þús kr, verðl. hvers árs	2007 1/1 – 31/12	2006 1/1 – 31/12
Tekjur	1.337.639	1.728.395
Rekstrargjöld	1.299.168	1.723.057
Hagn.(tap) f. Fjármagnsliði (EBIT)	38.471	10.997
EBIT, %	2,9%	0,6%
<i>Afskriftir</i>	78.201	112.790
Vegur hagnaður, (EBITDA)	116.672	123.787
EBITDA, %	8,7%	7,1%
Fjármagnsgjöld	-95.613	-53.456
Hagnaður (tap) f. skatta	-57.142	-42.459
Skattar	121.450	-1.492
Hagnaður (tap) ársins	64.308	-43.951
Veltufé frá rekstri	45.444	94.079
Efnahagur	31. 12. 2007	31. 12. 2006
Fastafjármunir	868.651	1.555.493
Veltufjármunir	1.445.560	838.707
Eignir samtals	2.314.211	2.394.200
Eigið fé	748.597	660.022
-þar af hlutafé	135.323	135.323
Víkjandi lán móðurfélags	0	0
Skuldbindingar	48.988	193.003
Langtímaskuldir	0	1.075.673
Skammtímaskuldir	1.516.626	465.502
Skuldir samtals	1.565.614	1.734.178
Skuldir og eigið fé	2.314.211	2.394.200
Helstu kennitölur	31. 12. 2007	31. 12. 2006
Eiginfjárhlutfall	32,4%	27,6%
Veltufjárhlutfall	0,96	1,80

Rekstur samstæðu Eignarhaldsfélagsins Bolar ehf. samanstendur af tveim rekstrarfélögum Provinor AS, áður Sæplast Norge AS, og Sæplast Canada Inc. auk móðurfélagsins. Eins og fram kom í tilkynningu félagsins 30. mars 2007 þá var Sæplast Álesund AS selt Promens hf. í upphafi árs og skýrir það lækkun rekstrartekna milli ára. Rekstur beggja dótturfélaganna gekk vel á árinu og voru rekstrartekjur þeirra ásamt tekjum af starfsemi móðurfélagsins 1.337,6 milljónir króna og hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 116,7 milljónir króna eða 8,7% og skiluðu bæði dótturfélögin jákvæðri EBITDA. Sambærileg EBITDA á síðasta ári var 123,8 milljónir króna eða 7,1%. Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) var 38,5 milljónir króna eða 2,9% samanborið við 11,0 milljónir króna eða 0,6% árið áður. Hrein fjármagnsgjöld námu 95,6 milljónum króna, tap fyrir skatta var 57,1 milljónir króna. Félagið fjárfesti á árinu í dótturfélögum sem leiddi til tekjufærslu á skattaskuldbindingu sem áður hafði verið færð til skuldar vegna frestunar á söluhagnaði hlutabréfa. Tekjufærslan nam 121,5 milljónir króna á árinu. Hagnaður félagsins ársins eftir skatta var 64,3 milljónir króna

Niðurstöður efnahagsreiknings eru 2.314,2 milljónir króna þar af eigið fé 748,6 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall 32,4%.

Það sem af er árinu hefur rekstur fyrirtækjanna gengið samkvæmt áætlun og eru horfur í rekstri þeirra ágætar.

Nánari upplýsingar veitir Geir A. Gunnlaugsson í síma 580 5588 eða 892 8040.